

## Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn 23. ágúst 2017, kl 19.45. Fundur haldinn á skrifstofu FV

Mætt voru Ingibjörg Emilsdóttir, Jón Örn Pálsson, Margrét Jómundsdóttir og Sigurður Hreinsson varaformaður. Fundinn sat einnig Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og ritaði hann fundargerð.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir.

1. Fundargerð stjórnarfundar 21. júní 2017
2. Samgöngumál
  - a. Bréf SRN. Samgönguáætlun 2018-2029
  - b. Stefnumótunarfundur samgöngunefndar FV 23. ágúst 2017
3. Vestfjarðastofa.
4. Ráðgjafaráð Markaðsstofu
  - a. Fundargerð 21. ágúst 2017
  - b. Útibú Vestfjarðastofu
5. Fiskeldismál
  - a. Samningur. Úttekt á samfélags og efnahagslegum áhrifum fiskeldis við Djúp
  - b. Kynning á meðal almennings
6. Staða verkefna samfélags- og atvinnuþróun á Vestfjörðum (Vestfjarðanefnd 2016)
7. Íbúakönnun í samstarfi við SSV
8. Sóknaráætlun
  - a. Fundargerð framkvæmdaráðs SV 17. ágúst 2017
  - b. Fundargerðir Stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál
9. Umhverfissvottun  
Fundargerðir Græns teymis, 16. mars, 6. apríl, 31. maí og 28. júní.
10. Brothættar byggðir
11. Umsögn til Vegagerðar, Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur
12. Önnur mál.

Varaformaður setti fundinn og kynnti að formanni myndi seinka á fundinn. Gengið til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar 21. júní 2017  
Fundargerð stjórnarfundar 21. júní 2017 lögð fram til staðfestingar. Fundargerðin var áður kynnt í tölvupósti. *Fundargerð staðfest.*  
Jón Örn Pálsson situr hjá við afgreiðslu málsins þar sem hann sat ekki fundinn..
2. Samgöngumál
  - a. Bréf SRN. Samgönguáætlun 2018-2029  
Lagt fram bréf SRN, dags 19. júní 2017, vegna Samgönguráðs og varðar endurskoðun stefnu við undirbúning Samgönguáætlun 2018-2029.

Til að svara erindi Samgönguráðs var boðað nú fyrr í dag til fundar í samgöngunefnd FV þar sem aðal og varamenn eru boðaðir ásamt stjórn FV. Einnig voru boðaðir fulltrúi frá Vesturbyggð vegna forfalla fulltrúa

sveitarfélagsins í samgöngunefnd og fulltrúi frá Árneshreppi sem ekki á sæti í nefndinni.

b. Stefnumótunarfundur samgöngunefndar FV 23. ágúst 2017

Lögð fram drög að svari til Samgönguráðs frá fundi samgöngunefndar 23. ágúst 2017. Stjórn gerir engar efnisbreytingar á þessum drögum og felur starfsmönnum FV að vinna áfram fullmótað skjal sem sent verður stjórn til staðfestingar og í framhaldi sent Samgönguráði.

Pétur Markan mætti til fundar og tók við stjórnun fundarins.

3. Vestfjarðastofa.

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu stöðu máls.

Upplýst að samkvæmt tillögu 62. Fjórðungsþings Vestfirðinga hefur verið leitað eftir tilnefningum FV, Atvest og starfsmanna í sérstaka undirbúningsstjórn. Tilnefnd eru; Andrea Jónsdóttir, formaður Atvest, Díana Jóhannsdóttir, verkefnastjóri fyrir hönd starfsmanna, Kristján G Jóhannsson, Atvest, Pétur G Markan, formaður FV og Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Atvest og FV. Kallað verður til fundar í stjórninni innan skamms. Stofndagur Vestfjarðastofu er áætlaður eftir miðjan október n.k..

4. Ráðgjafaráð Markaðsstofu

a. Fundargerð 21. ágúst 2017

Lögð fram fundargerð ráðgjafaráðs Markaðsstofu frá 21. ágúst s.l..

b. Útibú Vestfjarðastofu

Lagt fram erindi til stjórnar FV frá fundi ráðgjafaráðs Markaðsstofu Vestfjarða 21. ágúst s.l., vegna verkefnisins „Vestfjarðastofa í Reykjavík“.

*Stjórn FV styður verkefnið enda geti það orðið lyftistöng fyrir kynningu Vestfjarða. En setur þann fyrirvara að tryggt verði framlag frá sveitarfélögum á móti framlagi ríkisins. Einnig að stjórn verkefnisins heyri undir framkvæmdastjóra væntanlegrar Vestfjarðastofu.*

5. Fiskeldismál

a. Samningur. Úttekt á samfélags og efnahagslegum áhrifum fiskeldis við Djúp

Framkvæmdastjóri kynnti drög að samningi við KPMG og FV um úttekt á samfélags og efnahagslegum áhrifum fiskeldis við Djúp. Beiðni um verkefnið kemur frá Bolungarvíkurkaupstað, Ísafjarðarbæ og Súðavíkurhreppi og er beint til FV, sem er með þjónustusamning við Atvest um atvinnu- og byggðaðróun á Vestfjörðum. Bent er á að ekki sé starfandi atvinnuráðgjafi á norðanverðum Vestfjörðum og óskað er aðkomu FV að fjármögnun á verkefninu, sem að öllu eðlilegu hefði verið beint til Atvest.

*Stjórn samþykkir erindi sveitarfélaganna en með fyrirvara um samþykki Byggðastofnunar með vísan til samnings FV um atvinnu og byggðaðróun við stofnunina.*

- b. Kynning á meðal almennings  
Beiðni hefur komið frá sveitarfélögum á norðanverðum Vestfjörðum að FV standi að borgarafundi um stöðu mála í nauðsynlegri uppbyggingu í atvinnu og innviðamálum á Vestfjörðum. Dagsetning fundarins verði ákveðin í samráði við sveitarfélögin.

*Stjórn samþykkir erindi sveitarfélaganna og felur framkvæmdastjóra skipulagningu fundarins.*

6. Vestfjarðanefnd 2016. Staða mála  
Formaður og framkvæmdastjóri kynntu fundi voru haldnir með stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál og með forsætisráðuneyti þann 18. ágúst s.l.. Efni fundanna var að yfirfara svör ráðuneyta við verkefnatillögum Vestfjarðanefndar og viðbrögð forsætisráðuneytis.

7. Íbúakönnun í samstarfi við SSV  
Sett fram að nýju mál frá fundi stjórnar frá 14. desember s.l. að framkvæmd verði íbúakönnun á Vestfjörðum í samstarfi við SSV. Einnig verður tekið upp samstarf við Atvest um verkefnið en fiskeldisklasi Atvest óskaði einnig fyrir á þessu ári við Atvest um samstarf um könnun um afstöðu íbúa á Vestfjörðum til fiskeldis.

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um áhersluverkefni „Íbúakönnun á Vestfjörðum“ innan Sóknaráætlunar Vestfjarða fyrir árið 2017 að fjárhæð 1,6 mkr. Byggir tillagan á heimild í endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 með færslu vaxtatekna milli ára 2015 og 2016. Auk þessa munu fiskeldisfyrirtæki taka þátt í kostnaði við verkefnið.

*Tillagan samþykkt.*

Framkvæmdastjóri óskaði eftir heimild stjórnar til að staðfest samning við RHA um söfnun netfanga og símanúmera til að framkvæma íbúakönnun.

*Tillagan samþykkt*

8. Sóknaráætlun
  - a. Fundargerð framkvæmdaráðs SV 17. ágúst 2017  
Lögð fram fundargerð framkvæmdaráðs Sóknaráætlunar Vestfjarða. Á fundinum var fjallað um málavíð fyrir ný áhersluverkefni í ljósi aukins fjármagns til sóknaráætlunar og hugmyndir að verkefnum. Næsti fundur verður 24. ágúst n.k. og verður ákveðið með málavíð og settar fram hugmyndir til stjórnar FV um áhersluverkefni með beiðni um útfærslu.
  - b. Fundargerðir Stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál  
Lagðar fram til kynningar fundargerðir Stýrihóps nr. 36 og 37
9. Umhverfissvottun  
Lagðar fram til kynningar fundargerðir Græns teymis, 16. mars, 6. apríl, 31. maí og 28. júní s.l. auk minnisblaðs verkefnastjóra.

10. Brothættar byggðir

Kynnt ákvörðun stjórnar Byggðastofnunar þann 22. ágúst s.l. um að Árneshreppur verði tekinn í inn í verkefnið Brothættar byggðir. Einnig kynnt samantekt Byggðastofnunar frá íbúafundi í Árneshreppi 12. og 13. júní s.l., sem FV undirbjó í samstarfi við sveitarfélagið og Byggðastofnun. Efni íbúafundarins mun verða lagt til grundvallar í verkefninu Brothættar byggðir.

*Stjórn FV fagnar þessari ákvörðun Byggðastofnunar og hvetur alla aðila til að hraða framgangi verkefnisins með tilliti til alvarlegrar stöðu samfélagsins í Árneshreppi í dag. Á sama tíma eru að skapast tækifæri í sveitarfélaginu til uppbyggingar í atvinnulífi og samfélagi m.a. með virkjun Hvalár í Ófeigsfirði.*

11. Umsögn til Vegagerðar, Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur

Lögð fram til staðfestingar í stjórn FV umsögn FV til Vegagerðarinnar vegna tillögu að drögum að matsáætlun um vegagerð á Dynjandisheiði og Bíldudalsvegi.

*Umsögn staðfest.*

12. Önnur mál.

a. Kynnt bókun bæjarráðs Ísafjarðarbæjar frá 3. júlí s.l.

*Bæjarráð Ísafjarðarbæjar vekur athygli á að nú er enginn starfandi atvinnuráðgjafi hjá Atvinnuþróunarfélaginu á norðanverðum Vestfjörðum og því er mikilvægt að ljúka yfirstandandi vinnu um endurskoðun á fyrirkomulagi Atvinnuþróunarfélagsins eins fljótt og auðið er.*

Stjórn FV bendir á að um tímabundið ástand er að ræða á meðan unnið er að stofnun Vestfjarðastofu. Einnig hefur stjórn FV samþykkt erindi sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum um úttekt á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum fiskeldis.

b. Skipun millipinganefndar um atkvæðavægi sveitarfélaga

Vísað til tillögu 62. Fjórðungspings Vestfirðinga þar sem segir.

*Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga verði falið að skipa millipingarnefnd með þrem fulltrúum sem endurskoði fyrirkomulag vogtölukerfis samkvæmt 4. gr. samþykta FV. Einn fulltrúi frá norðanverðum Vestfjörðum, einn frá sunnanverðum Vestfjörðum og einn frá Ströndum og Reykhólahreppi. Nefndin skili tillögu til 2. haustþings FV*

Framkvæmdastjóri gerði tillögu að skipan nefndarinnar. Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ, Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppi og Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð. Nefndin taki þegar til starfa og munu starfsmenn FV verða nefndinni til aðstoðar.

*Tillagan samþykkt.*

Aðalsteinn Óskarsson.